

Samþykkt um upplýsinga- og kynningarmál

5. þing KÍ samþykkir að umboð stjórnar KÍ til að auka við stöðugildi vegna upplýsinga- og kynningarmála verði endurnýjað frá 4. þingi. Þingið beinir því þó til stjórnar KÍ að leita hagkvæmra leiða við upplýsingamiðlun og kynningarstarf um kennarasamtökin og baráttumál þeirra og nýta m.a. í þeim tilgangi þá þekkingu og reynslu sem er fyrir hendi í Kennarahúsinu. Þingið beinir því til stjórnar KÍ að forgangsraða þeim verkefnum sem mesta áherslu þarf að leggja á svo að stöðugildi og fjármunir nýtist sem best.

Nýti stjórn sér heimildina gildi eftirfarandi:

Upplýsinga- og kynningarfulltrúi heyrir undir félagssvið. Meginhlutverk hans verði að styðja við forystumenn KÍ og aðildarfélaga í fjölmiðla- og kynningarmálum og veita þeim liðveislu og ráðgjöf, og að sinna ímyndarsköpun og upplýsingagjöf fyrir KÍ og aðildarfélögin um starfsemina, markmið hennar og tilgang og um málefni kennara og skólastarfs. Starfsmaðurinn vinnur með forystumönnum félaga og sambands og starfsmönnum í mismunandi málaflokkum.

Meginverksvið upplýsinga- og kynningarfulltrúa verði að:

- Veita fræðslu og leiðsögn um ímyndar- og kynningarmál.
- Halda utan um stefnumótunarvinnu á sínu sérsviði.
- Koma fram fyrir hönd KÍ/aðildarfélaga á ráðstefnum og fundum.
- Vera málsvari KÍ/félaga á opinberum vettvangi.
- Sinna í samstarfi við útgáfustjóra fréttáflutningi og tengdum skrifum á heimasíðu KÍ og/eða í fjölmiðlum. Sjá, í samstarfi við aðra starfsmenn, um innri upplýsinga- og kynningarmál KÍ gagnvart félagsmönnum svo sem í tengslum við trúnaðarmanna- og öryggistrúnaðarmannanámskeið, námskeið um vinnuverndarmál, lífeyrissjóðsmál og önnur réttindamál.